

✉ Re: 2209063 - Ósk um umsögn, Hólakot L166762, landbúnaðarsvæði í frístundasvæði, aðalskipulagsbreyting

Búið til	28.9.2023 17:11:46
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	28.9.2023 17:11:43
Tilheyrir	📁 202309-0023 - Hólakot í Hrunamannahreppi

Efni

Re: 2209063 - Ósk um umsögn, Hólakot L166762, landbúnaðarsvæði í frístundasvæði, aðalskipulagsbreyting

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	28.9.2023 17:11:43	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	rebekka@utu.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202211-0014.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Uppsveita bs., dags. 18. September 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi fyrir Hólakot í Hrunamannahreppi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytinguna þann 18. nóvember 2022. Í þeirri umsögn kom Náttúrufræðistofnun eftirfarandi ábendingum á framfæri:

“Umræddur skipulagsreitur í landi Hólakots liggur á vel grónu landi. Næst vegi eru þó lítt gróin svæði en þar virðist hafa verið unnið að uppgræðslu. Í greinargerð eru taldar fram þær vistgerðir sem finnast innan svæðisins. Þar kemur m.a. fram að “Vistgerðir á svæðinu skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar eru fyrst og fremst Língresis- og vingulsvist og Starungsmýravist sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi [og eru] á lista Bernarsamningsins.”

Þótt nákvæmni í vistgerðakorti séu takmörk sett vegna grófs mælikvarða má telja líklegt að vistgerðakort sé nokkuð lýsandi fyrir umrætt svæði. Nyrst á skipulagsreitnum eru votlendisvistgerðir ríkjandi og eru þær hluti af því víðlenda votlendi sem kennt er við Hólamýri. Fleiri votlendisvistgerðir en starungsmýravist koma fram á korti en ekki er gott að skera úr um hvort kortið greini þar rétt á milli þeirra. Hvað sem því líður er verndargildi þeirra allra hátt og þær eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem njóta verndar (Jón

Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Mýrin við og norðan skipulagsreitsins hefur verið ræst fram með fremur gisnu skurðaneti og virðist nokkuð vatn vera í skurðum af loftmyndum að dæma. Því má telja líklegt að mýrin sé enn nokkuð blaut og haldi því einkennum sínum og virkni sem votlendi að töluverðu leyti.

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellsheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega háa þéttleika vaðfugla (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016). Suðurlandið er einnig það dreifbýli sem líklega er undir mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að búsvæðum vaðfugla á svæðinu. Má þar nefna hugmyndir um stórfellda aukningu í skógrækt á láglandi sem og aukinn fjölda sumarhúsabyggða (sem oft einnig fylgir plöntun trjágróðurs) en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast ekki í skóglendi (Tómas Grétar Gunnarsson 2020).

Út frá vistgerðum á skipulagsreitnum má reikna með að þéttleiki vaðfugla sé mikill, sérstaklega þegar nær dregur votlendinu. Áhersla ætti því að vera lögð á að forðast, bæði hvað þessa tilteknu skipulagsbreytingu varðar sem og almennt, að raska vaðfuglaríkum svæðum.

Þar sem votlendi geymir afar miklar birgðir af kolefni í jarðvegi (sjá t.d. Arnalds 2015, Oskarsson og Arnalds 2004), auk þess að veita ýmsa vistkerfisþjónustu sem hefur áhrif á nærliggjandi svæði, væri æskilegt að hlífa því við að vera breytt í frístundabyggð. Slík umbreyting mundi krefjast þess að jarðvatnsstaða í mýrinni verði lækkuð enn frekar með framræslu og dreni sem valda mun umtalsverðri losun kolefnis úr vistkerfinu. Til að draga úr neikvæðum áhrifum á votlendi mætti horfa til þess að byggingar væru takmarkaðar við þurrlendi á skipulagssvæðinu. Í ljósi þess að nú þegar hefur meirihluta votlendis á Suðurlandi verið raskað er brýnt að koma í veg fyrir frekari rask og eyðingu votlendis.

Vert er að geta þess að graslendisvistgerðir geyma einnig töluvert kolefni í jarðvegi (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016, Arnalds 2015), einkum þar sem jarðvegur er þykkur eins og víða háttar til á Suðurlandsundirlendinu. Raski á vel grónu landi og þykkum moldarjarðvegi ætti því að halda í lágmarki og leitað leiða til að nýta gróður og jarðveg í frágang og hlífa opnum jarðvegi við rofi."

Þessar almennu ábendingar eiga enn við um aðalskipulagsbreytinguna en jákvætt er að töluverð umfjöllun er um þessi atriði í greinargerðinni og lögð áhersla á að taka tillit til þeirra. Mikilvægt er að fylgja því eftir með útfærslum í deiliskipulagi. Náttúrufræðistofnun vill á þessu stigi sérstaklega benda á mikilvægi þess að hlífa votlendi svæðisins og skipuleggja uppbyggingu frístundabyggðarinnar á þurrlendari svæði. Þá getur skipulag og staðsetning lóða og byggingarreita innan skipulagssvæðisins dregið úr neikvæðum áhrifum á fuglalíf. Því stærra svæði er ósnortið því betra því t.d. mófuglar forðast nálægð við hús, vegi og önnur mannvirki. Jöfn dreifing byggingarreita er ólíklegri til að ná því markmiði en ef lóðum er raðað þéttar eða í jaðar skipulagsreits með opin svæði á milli. Annað atriði sem má nefna eru skilmálar í deiliskipulagi um trjárækt og að forðast að leyfa trjárækt næst mikilvægum búsvæðum fugla s.s. votlendissvæðum.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Rebekka Rut Ingvarsdóttir" <rebekka@utu.is>

To: "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "sigrun@hsl.is" <sigrun@hsl.is>; "Vegagerðin - VG"

<Vegagerdin@vegagerdin.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>;

"postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>; "hannibal"

CC: "Solveig Olga Sigurðardóttir" <solveig@utu.is>; "Ellisif Malmo Bjarnadóttir" <ellisif@utu.is>

<hannibal@fludir.is>; hruni@fludir.is <hruni@fludir.is>; "ba@babubabu.is" <ba@babubabu.is>; "Móttaka -

Subject: 2209063 - Ösk um umsögn, Hólakot L166762, landbúnaðarsvæði í frístundasvæði,

NI <Mottaka@ni.is>; Umhverfisstofnun - ÚST <ust@ust.is>; skeldgnup@skeldgnup.is

skeldgnup@skeldgnup.is

Date: 18.9.2023 11:33:56

CC: "Solveig Olga Sigurðardóttir" <solveig@utu.is>; "Ellisif Malmo Biarnadóttir" <ellisif@utu.is>
<hannibal@fludir.is>; hruni@fludir.is <hruni@fludir.is>; ba@babubabu.is <ba@babubabu.is>; "Móttaka -
Subject: 2209063 - Ósk um umsögn Hólakot L166762 landbúnaðarsvæði í frístundasvæði,
Móttaka@ni.is>; Umhverfisstofnun - UST <ust@ust.is>; skeldgnup@skeldgnup.is
aðalskipulagsbreyting
<skeldgnup@skeldgnup.is>
Date: 18.9.2023 11:33:56

Góðan dag,
Við óskum hér með eftir umsögn á meðfylgjandi aðalskipulagsbreytingu fyrir Hólakot í Hrunamannahreppi.
Skipulagsmál er í kynningu frá 14. september 2023 til 29. september 2023.
Vinsamlegast staðfestið móttöku tölvupóstsins og sendið umsagnir á netfangið skipulag@utu.is
(mailto:skipulag@utu.is).

Bestu kveðjur,
Rebekka Rut Ingvarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa



Dalbraut 12, 840 Laugarvatni
Sími: 480 5550

Vefsíða: [www.utu.is \(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.sbf.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Ce9d8ab3e20754679c44308dbb83b05db%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638306336362706143%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=RIQniBJTYnqZeBg1XY20crSEd33UFesayDshabHAokU%3D&reserved=0\)](https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.sbf.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Ce9d8ab3e20754679c44308dbb83b05db%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638306336362706143%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=RIQniBJTYnqZeBg1XY20crSEd33UFesayDshabHAokU%3D&reserved=0)

Pú sérð afgreiðslur erinda þinna í pósthólfinu þínu á island.is
(<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.island.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Ce9d8ab3e20754679c44308dbb83b05db%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638306336362706143%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=li0Tgangl3FLExDv0EPWAvedidJaxfoGv1B3I0KChbc%3D&reserved=0>) (mínar síður)